

**Bára Stefánsdóttir**

**Ársskýrsla Héraðsskjalasafns  
Austfirðinga  
2014**



Ólöf Finnsdóttir á Strýtu í Hamarsfirði með synina Ríkarð, Finn, Georg og Björn Jónssyni. Stúlkan er Þórunn Þorgrímsdóttir. Ríkarður og Finnur urðu síðar landskunnir listamenn. Mynd eftir fyrsta kvenljósmyndarann á Íslandi.

**nóvember 2015**

## Efnisyfirlit

Stjórn og aðalfundur.....	2
Aukaaðalfundur .....	2
Starfsfólk .....	3
Rekstur.....	4
Ný lög um opinber skjalasöfn .....	5
Samskipti við sveitarfélög og stofnanir .....	5
Reglubundin starfsemi.....	6
Afhent skjöl.....	6
Húsnæði, tölvur og búnaður.....	7
Ráðstefnur, fundir og námskeið.....	8
Sýningar, kynningar- og útgáfustarf.....	9
Ljósmyndasafn Austurlands .....	11
Verkefni um skönnun og skráningu ljósmynda .....	11
Opnun ljósmyndavefs.....	11
Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar.....	12
Skrá yfir afhendingar á árinu 2014	

### Forsíðumynd:

Nemendur 3. bekkjar Hallormsstaðaskóla taka fyrstu skóflustunguna að þróttahúsinu á Hallormsstað árið 1989. Úr myndasafni Austra.

## Stjórn og aðalfundur

Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga var haldinn á Djúpavogi 6. nóvember 2014. Fundinn sóttu fulltrúar aðildarsveitarfélaganna, auk stjórnar, forstöðumanns og fundarstjóra á vegum gestgjafa. Fulltrúar sveitarfélaga á aðalfundinum voru:

Borgarfjarðarhreppur:	enginn fulltrúi
Breiðdalshreppur:	Gauti Jóhannesson (umboð)
Djúpavogshreppur:	Gauti Jóhannesson
Fjarðabyggð:	Björn Hafþór Guðmundsson
Fljótshérað:	Óðinn Gunnar Óðinsson
Fljótshreppur:	Gauti Jóhannesson (umboð)
Seyðisfjarðarkaupstaður:	Hjalti Þór Bergsson
Vopnafjarðarhreppur:	Sigríður Bragadóttir

Ný stjórn var kosin á aðalfundi SSA 20. september. Í henni sitja eftirtaldir:

Fljótshérað, Fljótshreppur, Borgarfjarðarhreppur: Ragnhildur Rós

Indriðadóttir (aðalmaður), Þórður Mar Þorsteinsson (til vara).

Fjarðabyggð: Björn Hafþór Guðmundsson (aðalmaður), Elvar Jónsson (til vara).

Djúpavogshreppur, Breiðdalshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Vopnafjarðarhreppur:

Ólafur B. Valgeirsson (aðalmaður), Þorbjörg Sandholt (til vara).

Björn Hafþór tók sæti Péturs Sörenssonar í stjórn. Nýja stjórnin skipti með sér verkum á sínum fyrsta fundi strax að loknum aðalfundi:

Ólafur er formaður stjórnar, Ragnhildur er varaformaður og Björn meðstjórnandi.

Níu stjórnarfundir voru haldnir á árinu 2014: 6. janúar, 11. febrúar, 7. mars, 30. apríl, 9. september, 6. október, 6. nóvember (2 fundir) og 12. desember. Þar af voru 6 símafundir.<sup>1</sup>

### Aukaaðalfundur

30. janúar 2014 var haldinn aukaaðalfundur í samræmi við ákvörðun aðalfundar 2013. Samþykkt var að selja 26,3% eignarhlut Héraðsskjalasafnsins í fasteigninni að Laufskógum 1 á Egilsstöðum. Samhliða var gerður langtímasamningur á milli aðila um afnot og leigu þannig að hæysnæðismál safnsins verða alfarið á hendi Fljótshéraðs. Sambærilegur samningur var gerður um hlut Minjasafns Austurlands, þannig að frá 1. janúar 2014 er Fljótshérað eini eigandi Safnahússins. Í sameiginlegri yfirlýsingu sem gerð var á fundinum kemur meðal annars fram:

*Aðildarsveitarfélög Héraðsskjalasafns Austfirðinga telja að með því að einfalda eignarhald fasteignarinnar með þessum hætti verði rekstur, viðhald og annað sem tengdist eigninni með markvissari hætti. Þá kveða umræddir samningar á um að Fljótshérað leggi 30 millj. kr. í viðhald og endurbætur á safnahúsinu á árunum 2014 og 2015 og þannig verði brugðist við því viðhaldi húsnæðisins sem ekkert hefur verið sinnt með fullnægjandi hætti undanfarin ár.*

---

<sup>1</sup> Fundargerðir aðalfunda og stjórnarfunda ársins er að finna aftar í þessari ársskýrslu og á vef safnsins: [www.heraust.is](http://www.heraust.is)

## Starfsfólk

Fastráðnir starfsmenn Héraðsskjalasafnsins voru þrír. Arndís Þorvaldsdóttir var í 20% starfi frá janúar-apríl og frá september-deseember. Bára Stefánsdóttir var í 100% starfi og Magnhildur Björnsdóttir var í 80% starfi (áður 75% starf).

Verkefni um skönnun, skráningu og birtingu ljósmynda á netinu hélt áfram á árinu. Við það unnu: Jóhanna Ingibjörg Sveinsdóttir 50% starf allt árið við skráningu, Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir í 100% starfi við skönnun og vefumsjón í 8 mánuði. Aleksandra Radovanovic vann einnig við skönnun og skráningu í 75% sumarstarfi í samvinnu við Vinnumálastofnun og Starf, vinnumiðlun og ráðgjöf. Fastir starfsmenn skjalasafnsins koma einnig að ljósmyndaverkefninu á ýmsan hátt.

Starfsfólkið fór í menningarferð til Breiðdalsvíkur 21. nóvember til að skoða Breiðdalssetur í Gamla Kaupfélaginu og Bókasafn Breiðdalshrepps.



Starfsfólk Héraðsskjalasafns Austfirðinga 2013 og 2014.  
Frá vinstri: Magnhildur, Ingibjörg, Bára, Ólöf og Arndís.

## Rekstur

Framlög aðildarsveitarfélaga til reksturs safnsins voru samtals 18,3 millj. á árinu 2014.<sup>2</sup> Önnur rekstrarframlög (framlag frá ríkinu og framlög Minjasafns Austurlands og SSA til Ljósmyndasafns Austurlands) voru 1,8 millj. Styrkir og aðrar tekjur voru 6 millj.

**Rekstrartekjur** ársins 2014 námu 26,2 millj. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 21,2 millj. Mismunurinn liggur helst í framlagi íslenska ríkisins (5 millj.), Fljótsdalshéraðs (750 þús.) og Fljótsdalshrepps (100 þús.) til ljósmyndaverkefnis. Útseld vinna var hins vegar lægri en gert var ráð fyrir eða 57 þús. Þegar áætlun gerði ráð fyrir 500 þús.

**Rekstrargjöld** ársins 2014 námu 34,1 millj. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 21,1 millj. Laun og launatengd gjöld voru 18,8 millj. sem er um 6,3 millj. hærra en gert var ráð fyrir. Þar vegur mest til hækkunar launakostnaður vegna ljósmyndaverkefnisins sem var ekki gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun þar sem óljóst var hvort fjárveiting fengist í verkefnið. Framlög til bókasafns Halldórs og Önnu Guðnýjar og til skjalasafnsins í Neskaupstað voru alls 3,4 millj. Annar rekstrarkostnaður var 5,4 millj. en áætlun hljóðaði upp á 2,9 millj.

**Niðurstaða rekstrarreiknings** Héraðsskjalasafns Austfirðinga fyrir árið 2014 er rekstrartap uppá 7,8 millj., þar af eru 5,8 millj. vegna reiknaðrar húsaleigu í Safnahúsi. Tap af hefðbundnum rekstri var því 2 millj. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að staðan væri í kringum núllið við áramót (60 þús í hagnað).

Á árinu 2013 stóðu til ýmsar breytingar á tölvukerfi Héraðsskjalasafns sem náðist ekki að framkvæma fyrr en í upphafi ársins 2014. Reyndust breytingarnar kostnaðarsamari en áætlað var en Héraðsskjalasafnið átti fyrir framkvæmdunum vegna hagnaðar á árinu 2013.

Handbært fé safnsins lækkaði um 3 millj. milli árána 2013 og 2014, var 5,2 millj. í árslok 2013 en 2,2 millj. í lok árs 2014.

Nánari upplýsingar um rekstur Héraðsskjalasafns Austfirðinga bs. eru í ársreikningi þess.

---

<sup>2</sup> Skv. nýrri fjárhagsáætlun eftir aukaaðalfund 30.1.2014 þar sem framlög lækkuðu nokkuð vegna breytts eignarhalds á Safnahúsi.

## Ný lög um opinber skjalasöfn

[Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014](#) fella úr gildi eldri lög um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985. Í lögnum eru skýrari skilgreiningar á hverjir eru afhendingarskyldir aðilar og um ábyrgð forstöðumanna á skjalavörslu og skjalastjórn. Þar er einnig fjallað um rétt almennings til aðgangs að skjölum í opinberum skjalasöfnum. Í nýju lögnum eru refsheimildir vegna brota á þagnarskyldu eða vanrækslu manna.

Hlutverk Héraðsskjalasafns Austfirðinga skv. nýju lögnum er meðal annars að:

- taka við og heimta inn skjöl og varðveita þau og önnur gögn frá afhendingarskyldum aðilum sem hafa að geyma upplýsingar sem þýðingu hafa fyrir stjórnslu eða hagsmuni og réttindi borgaranna eða hafa sögulegt gildi
- hafa eftirlit með framkvæmd afhendingarskyldra aðila á lögum þessum, reglugerðum sem ráðherra setur á grundvelli þeirra og á reglum sem settar eru skv. 8. gr.

Afhendingarskyld skjöl skal afhenda opinberu skjalasafni þegar þau hafa náð 30 ára aldri.

Afhendingarskylda til Héraðsskjalasafns gildir um:

- sveitarfélög, svo og allar stofnanir og nefndir á þeirra vegum sem fara með stjórnslu; hið sama gildir um byggðasamlög og aðra þá aðila sem sjá um framkvæmd einstakra stjórnsluverkefna vegna samvinnu sveitarfélaga
- sjálfseignarstofnanir og sjóði sem stofnuð hafa verið með lögum eða á grundvelli heimildar í lögum í þeim tilgangi að sinna einkum opinberum verkefnum
- stjórnsluaðila einkaréttareðlis hafi þeim á grundvelli laga verið fengið vald til þess að taka stjórnvaldsákvæðanir af hálfu ríkis eða sveitarfélags
- einkaréttarlega lögaðila sem tekið hafa að sér rekstrarverkefni með samningi skv. 100. og 101. gr. sveitarstjórnarlaga
- lögaðila sem eru að 51% hluta eða meira í eigu hins opinbera

Þjóðskjalasafn vinnur nú að því að uppfæra reglur og leiðbeiningar í samræmi við lög.

Héraðsskjalasafnið tekur einnig við einkaskjölum, t.d. bréfasöfnum, dagbókum og ljósmyndum einstaklinga eða skjölum félaga og fyrirtækja. Að slíku efni er jafnan mikill fengur þar sem einkaskjöl innihalda oft upplýsingar sem ekki er að finna annarsstaðar.

### Samskipti við sveitarfélög og stofnanir

Skjalastjórn og skjalavarsla eru mikilvægir þættir í góðri stjórnslu, réttindum borgaranna og aðgengi þeirra að skjölum um eigin mál í samræmi við Upplýsingalög nr. 59/1996 og Stjórnslulög nr. 37/1993. Héraðsskjalasöfn gegna veigamiklu hlutverki í þessu sambandi, meðal annars með því að vera ráðgefandi aðili um góða skjalastjórn. Regluleg samskipti við aðildarsveitarfélög safnsins og stofnanar á þeirra vegum eru mikilvæg fyrir bæði Héraðsskjalasafnið og sveitarfélögin.



## Húsnæði, tölvur og búnaður

Á aðalfundi 2013 var samþykkt að fela stjórn safnsins að boða til aukaaðalfundar í byrjun árs 2014 í framhaldi af samráðsfundi fulltrúa sveitarfélaganna þar sem tekin yrði afstaða til breytts eignarhalds á Safnahúsinu. Var samráðsfundurinn haldinn 11. desember 2013 þar sem Fljótsdalshérað lagði fram áætlun um að kaupa hlut annarra sveitarfélaga í Safnahúsinu.

Á aukaaðalafundi Héraðsskjalasafns Austfirðinga 30. janúar 2014 samþykktu fulltrúar aðildarsveitarfélaga að Fljótsdalshérað kaupi hlut Héraðsskjalasafnsins í Safnahúsinu frá nýliðnum áramótum. Samningur þar um var undirritaður á fundinum, sem og langtíma leigusamningur þar sem Fljótsdalshérað leigir Héraðsskjalasafninu aðstöðu í Safnahúsinu. Með þessum samningi er allt viðhald hússins komið á eina hendi og skuldbindur Fljótsdalshérað sig til að leggja fram 30 milljónir á næstu tveimur árum til að bregðast við bráðri þörf í þeim efnum.

Í apríl setti Fljótsdalshérað upp ofna í vinnurými skjalavarða og er nú hægt að stjórna hitastigi á safninu betur, enda eru kjöraðstæður fyrir skjöl í geymslu og starfsfólk afar ólíkar.

Fjargeymsla safnsins í húsnæði Arion banka var eins og áður nýtt undir óskráð skjöl og aukabækur. Þar er enn nokkuð rými ónotað sem kemur sér vel en búast má við að skjalageymslan í Safnahúsi fyllist á árinu 2015. Trúnaðarskjöl í geymslu í Safnahúsi voru færð í læstan skjalaskáp til að aðskilja þau betur frá öðrum skjölum.

Á árinu var haldið áfram að uppfæra tölvubúnað Héraðsskjalasafnsins sem var úreltur, hávaðasamur og viðhald kostnaðarsamt. Keypar voru þrjár nýjar vinnutölvur fyrir starfsmenn safnsins. Nýtt stýrikerfi á þeim leiddi til þess að ekki var lengur hægt að prenta út úr gömlu ljósritunarvélinni og var því keypt nýleg fjölnotavél sem nýtist bæði við ljósritun, prentun og skönnun.

Þarfagreiningarnefnd um menningarhús á Egilsstöðum, skipuð á vegum Fljótsdalshéraðs, kallaði forstöðumenn safnanna þriggja í Safnahúsi á sinn fund 14. maí 2014.

Umræðuefnið var möguleg viðbygging við Safnahúsið (burst 2). Forstöðumaður Héraðsskjalasafnsins sendi bæjarstjóra Fljótsdalshéraðs og fulltrúum í vinnuhópnum óskir um nauðsynleg viðbótarrými fyrir starfsemi, starfsfólk og gesti Héraðsskjalasafns Austfirðinga. Ekki náðist að fylgja tillögunum eftir á fundi á árinu 2014.



## Ráðstefnur, fundir og námskeið

Fundur Þjóðskjalasafns Íslands með héraðsskjalavörðum var haldinn í Reykjavík 16. maí. Bára tók þátt í gegnum fjarfundabúnað. Umfjöllunarefni fundarins voru: Vestnordiske arkivdage, samskrá yfir einkaskjalasöfn, samráðshópur ÞÍ og héraðsskjalasafna, skýrsla um eftirlitsheimsóknir á héraðsskjalasöfn, ríkisstyrkir til héraðsskjalasafna, Lísu – rafræn skjalaskrá ÞÍ, tölfræði fyrir skjalasöfn og frumvarp um opinber skjalasöfn.

Árleg ráðstefna Félags héraðsskjalavarða á Íslandi var haldin í Vestmannaeyjum dagana 23. og 24. september 2014. Meðal annars var fjallað um ný lög um opinber skjalasöfn en heilmikil vinna fór í það hjá stjórn og félagsmönnum að gera tillögur um úrbætur á frumvarpinu á meðan það var í meðförum Alþingis. Bára og Magnhildur voru fulltrúar Héraðsskjalasafnsins á fundinum.

Arndís og Magnhildur fóru á Farskóla FÍSOS Félags íslenskra safna og safnmanna, í Berlín dagana 14.-18. september. Bára fór vestnorræna skjaladaga (Vestnordisk Arkivkonference) í Nuuk á Grænlandi dagana 25.-28. ágúst.

Bára átti sæti í stýrihópi um gerð gátlista vegna eftirlits héraðsskjalasafna með afhendingarskyldum aðilum. Til hópsins var stofnað vegna nýrra laga um opinber skjalasöfn þar sem í fyrsta sinn er kveðið á um eftirlit með skjalavörslu á starfssvæði héraðsskjalasafna. Í hópnum voru einnig fulltrúar frá Reykjavík, Kópavogi, Selfossi og Akureyri.

3. desember hélt Félag héraðsskjalavarða fræðslufund um skjalavörslu leikskóla. Fundurinn var haldinn á Selfossi og sendur í gegnum fjarfundabúnað. Fundarmenn á Austurlandi voru í Austurbrú á Egilsstöðum. Mættir voru héraðsskjalaverðir á Egilsstöðum og Norðfirði. Leikskólastjórar sem tóku þátt voru 8 og komu þeir frá Egilsstöðum, Fellabæ, Neskaupstað, Fljótsdalshéraði og Seyðisfirði.



Þátttakendur á ráðstefnu héraðsskjalavarða í Vestmannaeyjum

## Sýningar, kynningar- og útgáfustarf

Sýningarrými Héraðsskjalasafns er anddyri jarðhæðar í Safnahúsinu. Þar voru settar upp tvær myndasýningar á árinu 2014. Í maí var opnuð textílsýningin *Sveitalíf* eftir Guðnýju Marinósdóttur. Verkin á sýningunni sýna brot úr sögu um líf í sveit á Austurlandi á 20. öld. Hugmyndina fékk Guðný frá gömlum handofnum dúk, sem bar vitni um mikilvægi góðs handverks sem var kennt í húsmæðraskólum á fyrri hluta aldarinnar.

24. október var opnuð sýning um austfirsku kvenljósmyndara. Sýningin var hluti af lokaverkefni Báru Stefánsdóttur héraðsskjalavardar til MA prófs í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands. Á sýningunni var varpað ljósi á fjórtán ólíkar konur sem lærðu ljósmyndun, störfuðu á ljósmyndastofum og tóku myndir á Austurlandi á árunum 1871-1944. Birtar eru myndir af þessum merku konum og sýnishorn af verkum þeirra. Margar þessara mynda eru úr eigu Ljósmyndasafns Austurlands, sem varðveitt er í Héraðsskjalasafni Austfirðinga. Sýningin var vel sótt og 21 mætti á opnunardaginn.



Konur í fræðslustörfum, Delta-Kappa-Gamma á Austurlandi, fengu sérstaka leiðsögn um sýninguna í nóvember

Bára ritaði grein í 40. árgang Múlaþings undir titlinum *Ljósmyndasafn Austurlands opnar ljósmyndavef*. Eins og titillinn gefur til kynna er sagt frá ljósmyndavefnum í greininni en einnig er farið yfir sögu Ljósmyndasafns Austurlands og merkilegar myndir í safni þess.

51 var viðstaddur sýningu á kvikmyndinni *Austurland* á Dögum myrkurs í Hlymsdölum laugardaginn 8. nóvember. Myndin, sem er eftir Eðvarð Sigurgeirsson, var tekin á árunum 1960-1966 á Austurlandi. Aukaefni var *Á breindýraslóðum*, hluti af mynd frá árunum 1939-1944 af leiðangri í Kringilsárrana.

Héraðsskjalasafnið tekur þátt í samstarfsverki um einkaskjalasöfn. Sameiginleg skrá yfir slík skjalasöfn er birt á vefnum [einkaskjalasafn.is](http://einkaskjalasafn.is) sem er í umsjón Þjóðskjalasafns. Í skránni eru upplýsingar um 29 stærstu einkaskjalasöfnin í vörslu Héraðsskjalasafns Austfirðinga. Vefurinn var opnaður á fundi Þjóðskjalasafns og héraðsskjalavarða í maí.

Norræni skjaladagurinn var 8. nóvember. Þema hans var *Vesturfarar*. Framlag Héraðsskjalasafnsins var sett á vefinn [skjaladagur.is](http://skjaladagur.is) sem er haldið úti af Þjóðskjalasafni. Þar birtust tvær myndir að vestan og upplýsingar um þær. Myndirnar eru af Jóni Hallgrímsson og fjölskyldu sem bjuggu á Hámundarstöðum í Vopnafirði en þau fluttu til Ameríku árið 1903.

Árleg Bókavaka Safnahússins fór fram 11. desember. Að venju var áherslan á austfirska útgáfu og bækur eftir höfunda sem búsettir eru í fjórðungnum. Nokkrir höfundar og þýðendur mættu og lásu úr bókum sínum en starfsfólk sá einnig um upplestur.

Sem fyrr var leitast við að nota vef Héraðsskjalasafnsins til að miðla upplýsingum um starfseminna. Ein ljósmyndasýning birtist á vefnum [heraust.is](http://heraust.is) á árinu. Í júlí voru settar inn íþróttamyndir frá ýmsum tímum sem eru meðal annars úr ljósmyndasafni UÍA.

Jóla kort ársins 2014 var helgað Sigurði Óskari Pálssyni og Jónbjörgu Sesselju Eyjólfsdóttur. Sigurður var forstöðumaður Héraðsskjalasafns Austfirðinga á árabílinu 1984-1996. Hann var áður skólastjóri barnaskólans á Eiðum og Sesselja sinnti ýmsum störfum við þá stofnun. Á jóla kortinu voru birt jóla kvæði eftir bæði hjónin og var það skemmtileg nýbreytni. Arndís skrifaði texta jóla kortsins.



#### Jóla ljós

Við kveikjum á jóla num kertanna ljós,  
þá kaldur er vetur og fölnuð hver rós.  
Þau verma og lýsa upp langnættið svart,  
við ljómann af þeim verður alls staðar bjart.

Þau ljós geta tendrað upp ljóma í sál  
ef lærum við jóla nna heilaga mál  
og Betlehemsstjarnan þá lýsa mun leið  
við ljósið af henni mun ferð okkar greið.

J.E.

#### Rauð jól

Bliknaður puntur  
á héléðri þekju hímir,  
hrímuðum öxum,  
löngu rínum fræjum,  
drúpir við skin skærrar stjörnu  
og geisla  
sem út um glugga leggur  
á lágum bæjum  
lengra í myrkrið  
en nokkru sinni fyrr.

Í kvöld eru gluggarnir  
opnar dyr  
inn í hjórtu  
á þessum bæjum.

S.Ó.P.

## Ljósmyndasafn Austurlands

Ýmsar merkilegar myndir eru í eigu Ljósmyndasafns Austurlands hjá Héraðsskjalasafni Austfirðinga. Myndasöfnin spanna allt frá mannamyndum teknum fyrir aldamótin 1900 til frétt- og íþróttamynda frá síðari helmingi 20. aldar. Elstu myndirnar eru eftir Danann Johan Holm-Hansen sem tók meðal annars myndir á Austurlandi árið 1867. Í safninu eru einnig myndir eftir fyrsta kvenljósmyndarann á Íslandi, Nícoline Weywadt (1848-1921) sem hóf ljósmyndanáms í Danmörku árið 1871, hóf að mynda á Djúpavogi 1872 og var síðar með ljósmyndastofu á Teigarhorni.

Ýmsir aðilar hafa aðstoðað starfsfólk safnsins við að bera kennsl á fólk og staði á ljósmyndum. Óþekktar myndir hafa einnig verið birtar í *Austurglugganum* og fríblaðinu *Austurlandi* og oft fást upplýsingar um nöfn með því móti.

### Verkefni um skönnun og skráningu ljósmynda

Í janúar 2014 var endurnýjaður samstarfssamningur milli Héraðsskjalasafns Austfirðinga, Héraðsskjalasafns Árnesinga og Héraðsskjalasafns Skagfirðinga um skönnun og skráningu ljósmynda í eigu ofangreindra safna. Meginfjárveiting til verkefnisins kom af fjárlögum (15 millj. sem skiptust jafnt milli safnanna) en einnig fengu söfnin fjárstuðning á sínu heimasvæði. Fljótshérað og Fljótshreppur veittu styrk hér fyrir austan.

Í september 2014 skiluðu söfnin sameiginlegri áfangaskýrslu um ljósmyndaverkefnið til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Þjóðskjalasafns Íslands. Í skýrslunni komu fram upplýsingar um framvindu verkefnisins og tæknileg atriði. Ennfremur var sameiginleg verk- og kostnaðaráætlun send til sömu aðila. Þetta er síðasta árið sem söfnin fá sérstakt fjárframlag frá ríkinu í ljósmyndaverkefnið en mikilvægt er að halda starfinu áfram og klára að skanna, skrá og birta á netinu merkilegustu myndirnar sem eru varðveittar hjá Ljósmyndasafninu. Vönandi munu sveitarfélög á Austurlandi leggja fram fjármagn til að svo megi verða.

Á árinu 2014 voru skannaðar 14.927 myndir og 9.606 þeirra mynda voru skráðar. Samtals er búið að skanna 73.295 myndir og skrá 62.339 myndir frá því að verkefnið hófst 2011. Myndirnar eru skráðar ítarlega, meðal annars er lögð mikil vinna í að finna fæðingarár.

### Opnun ljósmyndavefs

Ljósmyndavefur á slóðinni <http://myndir.heraust.is> var opnaður 28. maí 2014. Á vefnum voru þá um 55 þúsund myndir í eigu Ljósmyndasafns Austurlands, sem er sérstök deild innan Héraðsskjalasafnsins. Í árslok 2014 voru komnar um 62 þúsund myndir á vefinn.

## **Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar**

Árið 2014 bættust 124 titlar við bókasafnið. Um er að ræða bækur sem keyptar voru af rekstrarfé safnsins (framlög skv. stofnsamningi Héraðsskjalasafns) en einnig berast safninu ýmsar bókagjafir. Aðfangalistann má sjá á [vefsíðu safnsins](#). Hægt er að leita að öllum bókakosti safnsins á vefnum [leitir.is](#). Heildarfjöldi titla í lok árs 2014 var 11.205. Af sumum ritum eru til fleiri en eitt eintak.

Á árinu voru lánaðar út 154 bækur eða tímaritshefti en ýmsar bækur eru ekki til útláns og eru afnot af þeim á lestrarsal. Auk þess nýtist bókakosturinn starfsfólki Héraðsskjalasafnsins afar vel í daglegum störfum, t.d. við skráningu skjala og ljósmynda en ekki síður við sýningargerð og til að geta svarað fyrirspurnum frá utanaðkomandi aðilum.

Héraðsskjalasafnið hefur markað sér þá stefnu að einskorða innkaup við fræðilegt efni, einkum á sviðum sagnfræði, félagssögu og ættfræði. Einnig er reynt að kaupa allar bækur sem fjalla um Austurland og bækur sem eru eftir Austfirðinga. Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar hefur því á undanförunum árum verið byggt upp sem rannsóknar- bókasafn með sérhæfðari safnkost en almenningsbókasöfnin. Gott samstarf er við almenningsbókasöfn á svæðinu og þegar óskir berast þar um eru bækur frá Héraðsskjalasafninu sendar í millisafnalán og gagnast þær því fólki um allt Austurland.

## Skrá yfir afhendingar á árinu 2014

Afh.ár	Nr.	Heiti safns	Afhendingaraðili	Innihald
2014	1	Hrafn Baldursson Stöðvarfirði	Hrafn Baldursson	Efni úr bókum og blaðagreinum eftir og um Guðbrand Erlendsson Stöðvarfirði og síðar í Nýja Skotlandi. Hrafn Baldursson tók saman.
2014	2	Hrafnkell Lárusson	Hrafnkell Lárusson	Gömul kort til að fylla út þegar spiluð er Framsóknarvist (þrjár gerðir). Kom úr búi Sigurðar Lárussonar og Herdísar Erlingsdóttur.
2014	3	Tónkór Fljótshéraðs	Magnús Magnússon	Dagskrár frá vortónleikum 1979 og 10 ára afmælistónleikum 1981). 2 diskar með völdum lögum frá tónleikum kórsins. 7 diskar með upptökum frá tónleikum 1976, 1979, 1981, jólatónleikar án ártals. Tónlistarskóli óbútað.
2014	4	Framfarafélag Fljótshéraðs	Philip Vogler og Stefanía Kristinsdóttir	Gögn v. undirbúning að stígagerð umhverfis Lagarfljót 1996 - 2011. Skýrslur, bréf, fylgiskjöl, teikningar, vinnukort og loftmyndir af svæðinu, gestabók Fljótsgöngu, Lagarfljótsormur úr birki.
2014	5	Sóknarnefnd Vopnafjarðarkirkju	Ólafur Valgeirsson	Gjörðabók Vopnafjarðarkirkju og sóknarnefndar Vopnafjarðarkirkju árin 1908-1999.
2014	6	Óskar Jónsson frá Hólum Vopnafirði	Guðni Sigurður Óskarsson / Rósa Þorsteinsdóttir	Gömul handrit, handskrifað, án ártals: Grái frakkinn, leikþáttur eftir Erik Bøgh. Þorri, smáleikur eftir Svein Jónsson frá Fagradal. Gamankvæði frá Norðfirði. 3 lög og ljóð (nótur).
2014	7	JC Hérað	Guðlaug Ólafsdóttir	Greinargerð um lokafrágang eigna JC Héraðs.
2014	8	Þórarinn Sveinsson Eiðum	Bryndís Skúladóttir	Bréf, reikningar o.fl. 1942 - 1963. Flest tengt gjaldkerastörfum hjá UÍA. Bók (handskrifuð) m. fróðleik og skýringum v. 1921 - 1935.
2014	9	Heilbrigðiseftirlit Austurlands	Helga Hreinsdóttir	Ársreikningar 1990 - 2012.
2014	10	Soffía Elíasdóttir frá Hallgeirsstöðum	Helgi Hallgrímsson f.h. Auðbjargar Elísu Stefánsdóttur	20 bréf úr eigu Soffíu Elíasdóttur.
2014	11	Félagsþjónusta Fljótshéraðs	Fljótshérað / Anna Einarsdóttir	3 kassar trúnaðargögn.
2014	12	Kvenfélagið Dagsbrún	Jón Sigfússon frá Krossi	Ýmis skjöl frá 1980 - 2005, ársreikningar, skýrslur, bréf og ársreikningabók 1961 - 1980.
2014	13	Guðbjörg Hermansdóttir frá Stóra-	Minjasafn Austurlands	7 teikniarkir, blýantsteikningar líkl. frá 1910-1911
2014	14	Fljótshérað	Stefán Bragason	Þrjár fundargerðabækur, fundargerðir 2013: 1. Bæjarstjórn. 2. Bæjarráð - Atvinnuálanefnd. 3. Afgreiðslufundur byggingafulltrúa, Skipulags- og mannvirkjanefnd, Fræðslunefnd, Skólanefnd Hallormsstaðaskóla, Umhverfis- og héraðsnefnd, Menningar- og íþróttanefnd, Félagsmálanefnd, Ungmennaráð, Endurmenntunarsjóður.

2014	15	Hrólfur Kristbjörnsson	Þorgerður Guðmundsdóttir	Minnisblað frá gamalli tíð, um endurgerð á Þingmúlakirkju (ljósrit). Úr dánarbúi Málfríðar Hrólfsdóttur (1925-2014).
2014	16	Eiðaskóli	Þórhallur Borgarsson	Handskrifað eintak af tímaritinu Eiðakveðja 1925.
2014	17	Guttormur Pálsson	Gunnar Guttormsson	4 myndir skannaðar, sendar með tölvupósti.
2014	18	Sigríður Jónsdóttir	Margrét Pétursdóttir	Póstkvittanabók, kennslubók útvarpsins í Ensku, 2 nótur, bréf og uppskrift af ljóði.
2014	19	Hjálmar Jónsson	Hjálmar Jónsson	Bréfabindi með 170 ljósmyndum frá skíðasvæðinu á Fagradal og víðar, Íslandsgöngu og ýmsum atburðum s.s. verðlaunaafhendingum Íþróttafélagsins Hattar.
2014	20	Hrafn Baldursson Stöðvarfirði	Hrafn Baldursson	Passamynd og filmur frá Hauki Baldurssyni (f. 1950) frá Norðfirði, nú í Reykjavík. 21 stafræn mynd (skönnun) frá Ameríku af Guðbrandi Erlendssyni (f. 1845) sem fór til Vesturheims 1875 og settist að í Marklandi, Nova Scotia.
2014	21	Jón Guðmundsson, Seyðisfirði	Jón Guðmundsson, Seyðisfirði	54 gamlar myndir frá Seyðisfirði (stafrænt form).
2014	22	Þorbjörn Bergsteinsson	Þorbjörn Bergsteinsson	4 stórar ljósmyndir, bréf frá Indriða Gíslasyni dags. 12. okt. 1994, meðfylgjandi ljósrit af bréfum úr fórum Guðrúnar Helgadóttur sem varða Ásfólk.
2014	23	Rótarýklúbbur Héraðsbúa	Jón Atli Gunnlaugsson	2 eintök af blaðinu Rótarý á Austurlandi maí 2013. Útgefendur: Rótarýklúbbur Héraðsbúa og Rótarýklúbbur Neskaupstaðar.
2014	24	Jóhann Björnsson, Seljateigi	Pétur Sörensson / Andrea Borgþórsdóttir	Grænafellsmál. Sskjöl frá málaferlum vegna deilu um landamæri Seljateigs og Seljateigshjáleigu 1940-1943
2014	25	Jón B. Guðlaugsson	Jón B. Guðlaugsson	2 ljósmyndir önnur óþekkt.
2014	26	Söltunarstöðin Hilmir s/f, Fáskrúðsfirði	Héraðsskjalasafn Svarfdæla / Laufey Eiríksdóttir	Leiðarabók fyrir vélskipið Hilmir 1978 - 1989. Söltunarstöðin Hilmir s/f Fáskrúðsfirði, kaupir skipið 23. maí 1969 og fær það þá nafnið Hilmir SU-171. Frá 1979 eða byrjun árs 1980 heitir skipið Hilmir II SU-177 sami eigandi. Seldur Dögun h/f á Sauðárkróki 1989.
2014	27	Kvenfélag Tunguhrepps	Bókasafn Héraðsbúa / Jóhanna Hafliðadóttir	Jólaort. Útg. Kvenfélag Tunguhrepps um 1969 með teikningu af Dyrfjöllum eftir Steinþór Eiríksson.
2014	28	Jón Pétursson, Egilsstöðum	Jón Pétursson, Egilsstöðum	20 svarthvítar ljósmyndir flestar frá því um 1950. Ljósrit af lóðaleigusamningi Vilhjálms Stefánssonar Hátúni Neskaupstað 1918. Kom úr dánarbúi Unnar Jónsdóttur föðursystur Jóns.
2014	29	Halldóra Sigfúsdóttir / Halldór Stefánsson	Herborg Halldórsdóttir	Albúm með svarthvítum myndum. Halldóra lánaði safninu albúmið sumarið 2013 til að skanna myndirnar sem teknar eru á Austurlandi
2014	30	Tónskóli Fljótaldalshéraðs	Magnús Magnússon	4 ljósmyndir frá fyrstu starfsárum Tónskóla Fljótaldalshéraðs, upplýsingar fylgja.



2014	31	Jón B. Guðlaugsson	Jón Benedikt Guðlaugsson	Ljósrit af bréfi Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará til Alþingis 27.3. 1917.
2014	32	Jóhann Magnússon frá Breiðavaði	Helgi Hallgrímsson	Þjóðháttarannsókn. Híbýli, húsbúnaður, hverdagslegt líf. Þjóðminjasafn 2013.
2014	33	Magnús Sæbjörnsson frá Hrafnkelsstöðum	Anna Kristjánsdóttir og Arnlaugur Guðmundsson	Fjórar dagbækur (Memoranda) sem ná yfir tímabilið 5. sept 1892 - 2. feb. 1895.
2014	34	Sveinbjörn Hrólfur Kristbjörnsson	Þorgerður Guðmundsdóttir	Filmur með eftirtökum af rúmlega 50 myndum úr Skriðdal.
2014	35	Eiríkur Eriksón og Málfríður Eiríksdóttir frá Dagverðargerði	Jón B. Guðlaugsson	Tvær möppur með skjölum, handrit að erindi um Sigfús Sigfússon þjóðsagnaritara og ýmis fróðleikur og yrkingar. Héraðspósturinn stök eintök. Ármann starfsmannblað og Hjaltastaðafjandinn (nokkur eintök).
2014	36	Vilhjálmur Hjálmarsson	Vilhjálmur Hjálmarsson / Arndís Þorvaldsdóttir	Bændatal Brekku í Mjóafirði, handrit Sigurðar Helgasonar frá Grund. Bréf Hjálmars Hermannssonar á Brekku. Landamerki Brekku. Bændatal og húsfæðra í Seyðisfjarðarheppi, handrit Hjálmars Vilhjálmssonar. Fyrsta verslun í Seyðisfjarðarheppi, handrit (ljósrit) eftir Hjálmar Vilhjálmsson.
2014	37	Hallormsstaðaskóli, ljósmyndasafn	Íris Randversdóttir, skólastjóri	Ljósmyndir frá 1967 - 2003 úr skólastarfi Hallormsstaðaskóla. 6 möppur með u.þ.b. 2350 myndir, svarthvítar og í lit. 24 svarthvítar myndir í umslagi frá 1966, teknar í veislu á byggingartíma skólans.
2014	38	Guðni Árnason (1900 - 1972), frá Borgarfirði eystra	Jón Þór Jóhannsson	Lítill kompa með frásögn Guðna af hvalafundi 1942. Uppskrift af sama eftir Jón Þór Jóhannsson. Einnig á lausu blaði upphaf að frásögn af skemmtiferð í Hallormsstað 1943.
2014	39	Ungmennafélagið Vísir, Jökulsárhlíð	Halldóra Eypórsdóttir, Hnefildal	Ýmis gögn frá 1977 - 1998. Skýrslur, reikningar, bréf, teikningar. 1 kassi.
2014	40	Elísabet Sveinsdóttir	Elísabet Sveinsdóttir	Hlutverk Haraldar í Skuggasveini. Handskrifað í stílabók 1934. Bókin er merkt Sveini Ólafssyni, Geitavík Borgarfirði.
2014	41	Kristinn Arngrímsson og Jónína Gunnarsdóttir, Bakkagerði Jökulsárhlíð	Þór Hreinsson, Eva Kristín Hreinsdóttir, Jakob Jóhannsson, Ragnheiður J. Ingimarsdóttir, Ragnheiður A. Kristinsdóttir	Myndir úr búi Kristins og Jónínu; 27 vitkort, 8 póstkort, 2 myndir 10 x14, húsamyndir frá Bakkagerði. Ein mannamynd merkt annað óþekkt. Niðjatal, samantekt í tilefni af niðjamóti árið 2000. Bréf og bók frá Ásmundi Guðmundssyni biskupi til Kristins Arngrímssonar.
2014	42	Helgi Finnsson, Geirólfsstöðum Skriðdal	Guðrún Helgadóttir og Valborg Helgadóttir	Bréf 3.3. 1926 til Helga Finnssonar frá Sveini Ólafssyni, Firði Mjóafirði.
2014	43	Sveinveig Sigurðardóttir, Seyðisfirði	Halldór Vilhjálmsson, Fellabæ	Gömul gátupula um lygina. A4 vélrit 1994.
2014	44	Eiríkur Björgvin Eiríksson frá Dagverðargerði	Halldór Vilhjálmsson, Fellabæ	Kveðskapur eftir Eirík B. Eriksón. Fjórar vísur, handskrifað.



2014	45	Sigurður Lárusson, Gilsá Breiðdalshreppi	Hrafnkell Lárusson	Gögn frá Sigurði Lárussyni, Páli Lárussyni og Lárusi Kr. Jónssyni föður þeirra. 23 bækur alls; ærbækur, námsbókauppskriftir, glósubækur og vinnudagbækur. Einnig nokkur bréf, jarðakort og teikningar.
2014	46	Ungmennafélagið Einherjar, B -deild	Jónína R. Björgvinsdóttir, Vopnafirði	Askur félagsblað B - deildar umf. "Einherjar". Handskrifaðar greinar í bók frá 1946 - 1962. Reikningabók (ársreikningar) og félagatal B - deildar Einherja frá stofnun 1944 til 1970.
2014	47	Niðjatal Sigurbjörns Snjólfssonar og Gunnþóru Guttormsdóttur	Ólafur Arason	Niðjatal Sigurbjörns Snjólfssonar, Gunnþóru Guttormsdóttur og Helgu Benjamínsdóttur frá júlí 2014.
2014	48	Eiríkur Björgvin Eiríksson, Dagverðargerði	Sigríður Sigmundsdóttir	Ljóðmæli, laust mál og ýmis fróðleikur. Sex möppur og laus blöð. Ábúendatal í Kirkjubæjarsókn 1703 - 1900, prentaðir bæklingar, tímarit og nokkrar ljósmyndir af Eiríki.
2014	49	Skólaskrifstofa Austurlands	Skólaskrifstofa Austurlands / Jarprúður Ólafsdóttir	Trúnaðargögn um grunnskólanemendur á Austurlandi. Árgangar 1995-1997. 8 lokaðar öskjur.
2014	50	Tunguhreppur	Björn Ágústsson	Gjörðabók Fóðurbirgðafélags Tunguhrepps. Stofnfundargerð 26.3.1940 - til apríl 1960.
2014	51	Guðmundur Björnsson frá Múla Álftafirði	Guðmundur Björnsson	Ljóð eftir Jón Sigurðsson í Rjóðri, ljósrít af manntölum úr Suður-Múlasýslu, afrit af hjónavígslubréfi, tímaritshefti og ýmis smárit.
2014	53	Jónas Jónasson frá Kolmúla	Bjarni Hafþór Helgason	14 mannmyndir innrammaðar, 2 þeirra eru stórar litmyndir af bæjunum Kolmúla og Vattarnesi.
2014	54	Vigfús Ólafsson	Vigfús Ólafsson	Gamanbragur eftir Jóel Friðriksson um viðburðaríka ferð nokkurra Reyðfirðinga yfir á bílpalli yfir Fagradal.
2014	55	Guðný Jónsdóttir	Sigrún Steinsdóttir, Dölum	10 ljósmyndir, flestar þekktar.
2014	56	Guðný Marinósdóttir	Guðný Marinósdóttir	1 svarthvít mynd úr eigu móður hennar.
2014	57	Þorrablót Þinghána 2014	Ásdís Jóhannsdóttir	Diskur frá þorrablóti Þinghána 2014
2014	52	Seyðisfjarðarkaupstaður	Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu	Viðskiptabók 1884 -1885. Sjóðbók 1931. Skrá yfir jarðeignatekjur, aukaúsvaer og vatnsskatt 1916. Skrá yfir aukaúsvaer og vatnsskatt 1918. Skrár yfir innheimtu ýmissa gjalda 1918. Jarðeignateknaskrá 1923. Skrá yfir skuldir 1923. Skipunarbréf í nefnd vegna skipstjóraprófs á smáskipum 1918 - 1919. Athugasemdir við ársreikninga 1917 og 1918.

2014	58	Norður - Múlaprófastsdæmi	Jóhanna Sigmarsdóttir	Ljósrit af vísitasíubókum; Vísitazíubók Norður - Múlaprófastsdæmis 1933 - 1943, Vísitazíubók Norður - Múlaprófastsdæmis 1944 -1957 og biskupsvísitazíur 1941, Vísitazíubók Norður - Múlaprófastsdæmis frá 1958 - 1970 og Múlaprófastsdæmis frá 1970 - 1981.
2014	59	Múlaprófastsdæmi	Jóhanna Sigmarsdóttir	Ljósrit af vísitasíubók 1987 og vérlit af sömu bók. Samantektir og ýmis gögn um kirkjur prófastsdæmisins, biskupsvísitásiu 1999, bæklingar, messuskrár, o.fl., ljósrit og vinnugögn. Predikunarsafn Jesper Rasmussen Brochmand, (Huus-Postill) útg. 1719.
2014	60	Helgi Hallgrímsson	Helgi Hallgrímsson	Upplýsingar um handrit Sigfúsar Sigfússonar í handritadeild Landsbókasafns og á vefnum handrit.is.
2014	61	Málfríður Hrólfsdóttir frá Höskuldsstöðum	Þorgerður Guðmundsdóttir	Dánarblöðungar, safn frá 1990 - 2012.
2014	62	Sóknarnefnd Kirkjubæjarkirkju	Anna Bragadóttir	Gögn frá sóknarnefnd Kirkjubæjarkirkju 1980 - 2013. Skýrslur sóknarnefndar, aðsend bréf, ársreikningar kirkjumiðstöðvar, greinargerðir um viðhald o.fl.
2014	63	Verkavennafélagið Framtíð, Eskifirði	Sigurborg Hilmarsdóttir	Gögn úr fórum Sigrúnar Sigurðardóttur sem var ritari félagsins 1941 - 1971: Fundargerðabók frá 24. mars 1918 til 1. júlí 1966. Fundargerðabók frá 6. okt. 1966 til 6. des. 1970. Ársreikningabók 1965 - 1970. Kjarasamningar, bréf, reikningar o.fl. Ýmis gögn v. Alþýðusamband Austurlands.
2014	64	Haukur Stefánsson og Ástríður Jósepsdóttir	Anna Kristín Hauksdóttir	Ameríkubréf, bréfasafn og kvæði frá um 1900 - 1980. Mynd í ramma, merkt: Sigbjörn Sigurðsson. Geislar, ljóðabók eftir Jón Magnússon, útg. 1971. Eimunamál, ljóðabók eftir Lárus Siguriónsson útg. 1963
2014	65	Jón Þórarinnsson, tónskáld	Jón B. Guðlaugsson	Niðjamót Önnu Maríu Jónsdóttur og Þórarins Benediktssonar júní 2000. "Fáein minningabrot Jóns Þórarinnssonar" og niðjatal. Ljósrit.
2014	66	Erlingur Sveinsson og Margrét Þorsteinsdóttir Víðivöllum ytri II	Þórhildur Jónasdóttir, frá Víðivöllum II	Svarthvítar myndir, 19 stk, flestar úr búi Erlings Sveinssonar og Margrétar Þorsteinsdóttur Víðivöllum ytri II. Upplýsingar um myndir fylgja.
2014	67	Búnaðarfélag Fellahrepps	Hörður Guðmundsson, Refsmýri	Ýmis óflokkuð gögn félagsins frá árunum 1963 - 2004. Reikningar, fylgiskjöl, bréf, fundargögn o. fl. 4 möppur. Fjögur bréf frá 1945 -1947 varðandi stofnun Ræktunarsjóðs Fellahrepps.
2014	68	Fellahreppur / Fjallskilasjóður	Hörður Guðmundsson, Refsmýri	Ársreikningar og fylgiskjöl 1988 - 2001. Bréf, fundargögn, gangnaseðlar o. fl. 1987 - 2005.

2014	69	Ungmennafélagið Þristur	Bjarki Sigurðsson	Ýmis gögn félagsins frá árunum 1991- 2005. Ársreikningar, fylgiskjöl, bréf, fundargögn o. fl. Nokkrar ljósmyndir frá skákmótum og Landsbankahlaupi 1998 - 1999.
2014	70	Sævar Sigbjarnarson frá Rauðholti / Hjaltastaðarhreppur	Sindri Sævarsson	Jarðamál í Hjaltastaðarhreppi, ýmis gögn um landamerki, landmerkjaskráningu, loftmyndir o.fl. frá árunum 1980 - 2000. Ýmis gögn frá síðustu árum Hjaltastaðarhrepps um 1990 - 1998.
2014	71	Sigurður Bjarnason	Sigurður Bjarnason, Bergen Noregi	5 stafrænar ljósmyndir (eftirtökur) sem komu með tölvupósti: Friðjón Erlendsson, Ásdís Sigrún Magnúsdóttir, 3 myndir frá Sómastaðagerði.
2014	72	Vigfús Ólafsson	Vigfús Ólafsson	Eftirtaka af mynd af fólki við rútabíl 1934 -1939
2014	73	Félagspjónusta Seyðisfjarðarkaupstaðar	Fljótsdalshérað / Anna Einarsdóttir	3 kassar með trúnaðargögnum: pappírsskjöl, disklingar og geisladiskar. Gögnin bárust til Fljótsdalshéraðs í skjalaskáp frá Seyðisfirði.
2014	74	Þórhallur Eyjólfsson	Þórhallur Eyjólfsson	7 vitkort, 1 kabinetkort, 2 stærri myndir. Myndirnar eru úr dánarbúi foreldra Þórhalls, Ingibjargar Einarsdóttur og Eyjólf Þórarinssonar.
2014	75	Prjónastofan Dyngja	Sigurjón Jónasson	Prjónastofan Dyngja hf. (1968-1988): ljósmyndir af peysum. Dyngjan hf. (1990-1994?): útsend bréf, stofnfélagar, stofnfundargerð 1990, stofnsamningur, samþykktir, þrotabú. Dyngja Egilsstöðum efh. (1994-2005): Ársreikn. 1994-1996.
2014	76	Loðmundur	Sigurjón Jónasson	Loðmundur, hlutafélag í Fellahreppi. Markmið félagsins var öflun og vinnsla loðýrafóðurs og skyld starfsemi, þar með sala loðskinna og verkun þeirra. Ýmis gögn frá árunum 1983-
2014	77	Loðnuvinnslan	Loðnuvinnslan / Kjartan Reynisson	Ljósafell 40 ára, heimildarmynd. Gerð í tilefni af afmæli togarans Ljósafells SU 70 sem Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga lét smíða í Japan, kom til hafnar 31. maí 1973. Guðmundur Bergkvist gerði myndina.
2014	78	Áhugahópur um verndun hálendis Íslands	Nytjamarkaður Rauða kross Íslands	Mappa frá grasrótarhópi (mest reikningar). Félag stofnað 1997 til þess að mótmæla Eyjabakkavirkjun.